

20. febrúar 2018

Stjórnarfundur FFF, 20. febrúar, kl. 20.30

Mætt eru: Karl, Guðrún Valdimars, Elfa, Alma, Sólveig

1. Stuðningur við foreldra sem tala ekki íslensku

Hugmynd að virkja bekkjarfulltrúana til að tengja erlenda foreldra og börn þeirra inn í félagsleg samskipti innan sem utan skólans, sjá 3. lið.

2. Fræðslumálin (KVAN, Út fyrir kassann ofl.)

Áhugi að fá Vöndu Sigurgeirs hjá KVAN. Elfa skoðaði verkefni með þeim, þar sem væru fundir með foreldrum, börnum, kennurum og íþróttabjálfurum (Vikingur). 60p/klst. foreldrar/börn, 75p/klst fagfólk. Spá í þetta fyrir næsta skólaár og með Breiðagerðisskóla?

Hugarafi fyrir alla foreldra og nemendur í 5.-7. bekk? Þarf tvö holl? Sjáum eftir fundi á morgun.

3. Úrvinnsla eftir bekkjarfulltrúafund, efling foreldrasamfélagsins

Hafa fund með bekkjarfulltrúum 5. mars kl. 17.

Leggja áherslu á foreldrahittinga í stað barnahittinga

Aðstoð við foreldra af erlendum uppruna

Stuðningur við nýja foreldra

Vorhátíð

Elfa sér um fundarboð og passar upp á meldingar á fundinn.

4. Réttókerfið

Í Réttarholtsskóli er 30 manna stjórn. Þar er ekki bekkjarfulltrúakerfi. Málið snýst hjá okkur um að ná betra sambandi við bekkjarfulltrúana. Spurning um að bjóða bekkjarfulltrúum á stjórnarfundum, gæti startað svona samstarfi. Samþykkt að hafa stjórnarfundum 1. mánudag í mánuði á kennarastofunni og bjóða bekkjarfulltrúum á fundinn.

5. Önnur mál

Tónlistakennarinn kominn með lauslegan lista yfir hljóðfæri sem vantar. Er búinn að finna aðila sem selur góð, notuð hljóðfæri. Elfa og Karl hitta Rögnu og Aðalbjörgu á fundi 28. febrúar til að fara yfir listann.

Þurfum að funda með nemendaráði, Elfa ætlar að garfa í því.

Hjólamenning, spurning um hvernig við getum tekið þátt í því. Styrkja Dr. Bike aftur inn í verkefnið o.fl. Tengist heilsueflandi skóla. Karl talar við Gísla og lögguna. Ákveðið að ræða betur á næsta stjórnarfundum.

Vorhátíð síðasta skóladaginn í samstarfi við kennara og Neðstaland. Fundarefni með bekkjarfulltrúum 5. mars. Verður líklega 6. júní.

Guðrún gjaldkeri ítrekar strax eftir mánaðamótin valgreiðslur við foreldra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.10.